



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og
menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 3.12. 2020

**Efni: Umsögn Hagfræðistofnunar um tillögu til þingsályktunar
um menntastefnu fyrir árin 2020-2030.**

Í lið E. 7 segir að lögð verði áhersla verði lögð á skilvirka ráðstöfun fjármuna. Í greinargerð segir að gerð sé krafa „um að ... fjárfesting [í menntun] nýtist vel... og tryggt sé að þróun menntakerfis mæti þörfum samfélagsins.“ Þetta er gott markmið, en ekki er ljóst hvort allt annað í tillögunni er í samræmi við þetta. Í lið B.1 segir til dæmis að lögð verði áhersla á kennaramenntun og nýliðun. Í greinargerð segir: „Mótaðar verða leiðir til að koma í veg fyrir kennaraskort, meðal annars með fullnægjandi nýliðun.“ Í þessu sambandi má minna á að í athugun sem gerð var fyrir nokkrum árum á vegum sérfræðingahóps sem meta skyldi færni og menntunarpörf á vinnumarkaði kom fram að árið 2017 unnu um 66% af fólki með kennaramenntun eða nám í menntunarfræðum að kennslu. Hlutfallið hafði verið nokkuð stöðugt frá 2008.¹ Getur verið að vandinn sé ekki endilega að skortur sé á fólki með kennaramenntun, heldur að fólk með kennaramenntun skili sér ekki í kennslu? Ef sú skýring er rétt kann það að vera betri meðferð á fjármunum hins opinbera að hækka kennaralaun en að útskrifa fjölda kennaraefna sem eiga síðan eftir að sinna öðrum störfum.

Vaxandi atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra veldur áhyggjum. Menntamálayfirvöld í grannlöndum hafa brugðist við því með því að takmarka aðgang að öllum námsbrautum háskóla og láta til dæmis einkunn á stúdentsprófi skera úr um rétt til náms. Hér á landi er fjöldi nemenda takmarkaður í sumum námsgreinum, en það hefur fremur verið á forsendum einstakra fagstétta en á grundvelli heildstæðs mats á þörfum samfélagsins fyrir fólk með tiltekna menntun. Námsmenn vilja hafa sem mest svigrúm til þess að velja námsbraut, en auðvelda mætti þeim valið með því að dreifa upplýsingum um atvinnuástand og laun í hverri fagstétt til nýstúdenta og þeirra sem ljúka prófi í grunnskóla. Ekki getur verið skynsamlegt að fólk eyði mörgum árum í nám sem ekki veitir þá vinnu eða laun sem vonast var eftir.

Sigurður Jóhannesson.

¹ Sigurður Björnsson, 2018, Greinin á menntun, starfstéttum og atvinnugreinum á vinnumarkaði – stöðumat, útg. Hagfræðistofnun, bls. 27. Sjá <http://www.hhi.hi.is>.